

Kæru félagar í SOS Barnaþorpunum

Boðað er til aukaaðalfundar SOS Barnaþorpanna fimmtudaginn 8. febrúar n.k. kl.17:00 í húsnæði samtakanna, Hamraborg 1, 200 Kópavogi.

Allir skráðir félagar í SOS Barnaþorpunum sem eru í skilum með félagsgjald hafa rétt til að sitja aðalfund. Til þess að félagi geti nýtt félagsleg réttindi sín á aðalfundi skal hann skrá sig á fundinn eigi síðar en sólarhring fyrir boðaðan aðalfund. Það er gert með því að senda tölvupóst á [sos@sos.is](mailto:sos@sos.is)

Tilfni fundarins er ábending frá Fyrirtækjaskrá Skattsins um að samþykktir samtakanna, sem samþykktar voru á aðalfundi samtakanna í maí 2023, uppfylli ekki ákvæði laga nr.119/2019 um að stjórnir félaga til almannaheilla sem starfa yfir landamæri skuli hafa minnst einn varamann.

Dagskrá fundarins er þannig

1. Tillaga að breyttum samþykktum
2. Kosning varamanns
3. Staðfesting á niðurstöðum stjórnarkjörs frá síðasta aðalfundi

#### **Vegna dagskrárliðar 1**

Tillögur að breyttum samþykktum snúast eingöngu um að bæta við einum varamanni stjórnar. Þær eru þessar (breytingar með rauðu):

#### **6.4 Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:**

- 1. Skýrsla stjórnar
- 2. Reikningar lagðir fram til samþykktar
- 3. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
- 4. Kosning stjórnar og varamannas
- 5. Kosning endurskoðanda
- 6. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
- 7. Ákvörðun félagsgjalds
- 8. Önnur mál

**7.1** Æðsta vald í málefnum samtakanna er í höndum stjórnar. Stjórn samtakanna er skipuð fimm mönnum; stjórnarformanni, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Skal hvort kyn eiga minnst tvo fulltrúa í stjórn.

Stjórn skal hafa einn varamann. Komi til þess að varamaður taki sæti í stjórn má víkja frá kröfum um kynjahlutföll til næsta aðalfundar.

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á að skipuleggja starfsemi samtakanna. Fjármagn samtakanna skal nýtt í samræmi við reglur og tilgang samtakanna samkvæmt 2. gr. Hvert ár skal nýr stjórnarmaður kosinn á aðalfundi. Aðeins félagar samtakanna geta verið stjórnarmenn. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja fundi stjórnar og eru án atkvæðisréttar.

7.2 Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn. Árlega eru ýmist kosnir einn eða tveir stjórnarmenn, nema stjórnarmaður láti af störfum, er þá einnig kosið um sæti fráfaraandi stjórnarmanns það sem eftir er af kjörtímabili hans. Stjórnarseta er takmörkuð við þrjú kjörtímabil. Ef ekki eru nýir framboðendur, getur fráfaraandi stjórnarmaður setið fjórða kjörtímabilið. Varaformaður er kosinn til eins árs í senn.

Núgildandi samþykktir í heild má finna [hér](#).

---

## Vegna dagskrárliðar 2

Fyrir fundinum liggur að kjósa einn varamann. Stjórn hefur samþykkt að á þessum aukaaðalfundi skuli varamaður kjörinn til næsta aðalfundar, þ.e. til vors.

Framboð til varamanns þurfa að berast samtökunum í síðasta lagi viku fyrir aukaaðalfund, þ.e. fimmtudaginn 1. febrúar kl.17:00. Framboð skulu send á netfangið [framboð@sos.is](mailto:framboð@sos.is). Samkvæmt ákvörðun stjórnar mun tilnefningarnefnd ekki verða virkjuð vegna þessarar kosningar. Framboðendur munu fá tækifæri til að kynna sig stuttlega á aukaaðalfundinum.

Rétt til framboðs hafa virkir félagar sem eru í skilum með félagsgjöld. Sjá nánar núgildandi [samþykktir](#) samtakanna.

## Vegna dagskrárliðar 3

Á síðasta aðalfundi samtakanna, í maí 2023, voru tveir kjörnir í stjórn. Þar sem tilkynning þess efnis barst Fyrirtækjaskrá Skattsins of seint mun aukaaðalfundur verða beðinn um að staðfesta það kjör.

Virðingarfyllt

Starfsfólk og stjórn SOS Barnaþorpanna á Íslandi